

1918 í lífi séra Friðriks



Hér segir Séra Friðrik frá lífi sínu á árinu 1918, árið sem hann varð fimmtugur. Sögusviðið er Reykjavík. Hann skrifaði þessar minningar fyrir 70 árum, árið 1948, og birti þær skömmu síðar í tímaritinu Akranes. Þær hafa ekki birst síðan. Ritstjórn Valsblaðsins minnst Séra Friðriks, leiðtoga Vals, sem fæddist fyrir 150 árum og birtir hér 100 ára minningar hans frá árinu 1918 – sem er líklega viðburðarikasta ár Íslandssögunnar.

Árið 1918 varð merkisár, eitt hið stærsta, sem ég hafði fengið að lifa. Það markar tímamót að ýmsu leyti í lífi mínu.

Eftir nýár kom afar strangur harðindakaflí með miklum frosthörkum og snjóþyngslum. Allt gaddaði og fraus sem frosið gat og bætti það líka á hve kol og eldiviður voru bæði lítt fáanleg og afar dýr. Kolatonið kostaði um 300 krónur. –

Börn að leika sér á svellinu á Tjörninni. Hús: Austast er Skothúsið, (hús Skotfélags Reykjavíkur við Skothúsveg) og vestar hús við Tjarnargötu. (Tjarnarbrúin stendur við Skothúsveg.). Ljósmyndari. Magnús Ólafsson (1862–1937).

Þetta skapaði nokkra erfiðleika fyrir KFUM. En samt sem áður var mikið fjör í félagslífinu og samkomur feikna vel sóttar. Það var eitthvað hressandi við erfiðleikana. Það var uppörvandi að sjá drengina á sunnudögum fylla salinn svo að segja í blindhríðarbyl – og mest dáðist ég að smásveinunum, frá 7–9 ára, hvað þeir mættu vel í hvaða veðri sem var og óskaði ég þess stundum að þeir kæmu ekki, því að ég var þá svo hræddur um þá á leiðinni til og frá.

Náttúrulega var reynt að senda stóra drengi með þeim og var „Úrvalssveitin“ ekki sporið að fylgja þeim. Það fannst mér oft hin mesta upplýfting þótt aðeins kæmu örfáir á kvöldin á unglingadeildarfundum í alveg aftaka veðrum þegar flestir sátu heima. Sveið mér þá einatt að eiga ekki til eitthvað framúrskarandi gott handa þessum hetjum. Undir þeim kringumstæðum varð ég ennþá hrifnari yfir þeim tíu sem komu, heldur en ég hefði orðið í góðu og björtu veðri, þótt þá hefðu komið nokkur hundruð.



Á hverjum mánudegi og annan hvern föstudag gekk ég til Hafnarfjarðar og voru mér þær ferðir mjög kærar, það var svo hressandi að ganga, oft á samfeldu hjarni, og oft í hríðarveðri á milli.

Það var svo gott næði til að hugsa eða að byggja loftkastala að mér kom sjaldan vel þegar jafnvel vinir mínir vildu endilega fylgja mér. Þegar vont var veður var enga skemmtun að hafa því að þá var ekki hægt að spjalla saman. Það er helst gaman að ganga með góðum vini í reglulega góðu veðri og fögru. Þá er tími til að njóta þess.

Ég man vel eftir einum mánudegi síðast í janúar. Þá var ákaflega mikið frost, eitthvað um mínus 29 stig á Celsius. Það var feikna mikill snjór en gott gangfæri, því að hjarn var alla leiðina, heldur kyrrt veður en dálítill snjómugga.

Ég var í besta skapi og byggði glæsilega loftkastala um sumarlíf á Bessastöðum. Varð úr því næstum því heil skáldsaga, eða öllu heldur skír og fagur draumur. Myndin af fjörugum piltum við starf og leiki á Bessastöðum, einhvern tíma í framtíðinni, kom fram í hugann og atburðir í sambandi við breytilegar lyndiseinkunnir þeirra

mynduðust og hugsanir um, hvernig væri best að meðhöndla þá eftir því, hvern um sig, komu fram í hugann og samtöl við þá.

Áður en ég vissi af var ég kominn að efstu húsunum á Reykjavíkurveginum í Hafnarfirði, og ég óskaði þessað ennþá væru eftir nokkrir kílómetrar. –

Það var fjörugur og skemmtilegur fundur í nýútbúna fundarsalnum í Bristolhúsinu sem við þá höfðum keypt. En er ég ætlaði að fara heim um kvöldið um 11 leytið vildu félagsbræður mínir að einhver færi með mér. Mér var dauðilla við það en svo varð þó að vera og réðist til fararinnar ungur duglegur maður, einn af mínum nánunum, Gunnlaugur Stefánsson, seinna kaupmaður.

Við komum heim til mín um kl. 1 um nóttina. Ég lýsi þessu sem dálitlu sýnishorni af ferðalögunum til Hafnarfjarðar á þeim dögum.

Ég hafði mikla gleði af drengja- og piltfundum á Seltjarnarnesi. Ég hafði með þeim fundi á sunnudögum kl. 1:30. Þar voru ýmsir fyrirtaks drengir. Ég kom svo heim til Y.D.-fundarins kl. 4. Annars gekk nú þessi vetur án sérlegra viðburða.



– Karlakór okkar stóð þá í miklum blóma og vann mjög hylli manna í Reykjavík. Þeir héldu samsöng þennan vetur og man ég sér í lagi eftir einum glæsilegum söng. Mig minnir að hann væri eftir Brahms og textinn var „Jes. 60“, byrjun kapítulans, mikið og fagurt tónsmíði; þeir sungu það undir hinni ágætu stjórn Jóns Halldórssonar með svo miklu fjöri og krafti að það syngur ennþá við og við inni í huga mínum.

Í síðari hluta aprilmánaðar og fyrri hlutann í maí var sérstaklega góð tíð og útistarfið byrjaði snemma, með knattspyrnuæfingum fyrir eldri og yngri Valsmenn. Ég tók þátt í þessu lífi og var oft við æfingar. Valsvöllurinn var þá orðinn feikna góður og hvatti ég Valsmenn af öllu megni til drengilegra æfinga, því að nú óskaði ég að þeir mættu standa sig vel á almennum knattspyrnumótum.

Ég hafði líka allstóran flokk yngri drengja og æfði þá að miklu leyti sjálfur. Við gengum þá í fylkingu frá KFUM og suður á völl. Var í þeim fádæma kapp og áhugi og voru mér það miklar nautnastundir. Mig minnir að það voru værum

Tjörninn og húsin í bænum séð frá Tjarnargötu. Frá vinstri sjást Alþingishúsið, Góðtemplarahús Reykjavíkur (Gúttó rífið 1968), lönó (hús iðnaðarmanna), Gamli iðnskólinn og Búnaðarfélagshúsið, þá Miðbæjarbarnaskólinn og Frikirkjan. Ljósmyndari. Magnús Ólafsson (1862–1937).

við að vinna að því að koma upp öðrum knattspyrnuvelli og fengum leyfi til að ryðja lítinn völl uppi á bakvið Skólavörðuna.

Það átti að verða lítill völlur, aðallega fyrir þá yngstu að æfa sig á í frumfræðum listarinnar. Hann hafði þann kost, að vera nógu nálægt, til þess að geta skroppið þangað í viðlögum og haft þá yngri þar á kvöldin, er stóri völlurinn var í notkun. Margir komu og hjálpuðu oss til að vinna á vellinum. En það var mjög erfitt, og það varð aldrei góður völlur þarna. En hann var mikið notaður til að láta litla drengi leika sér í óskipulögðum knattæfingum.

En enga framtíð átti þessi völlur fyrir sér.

Þannig leið nú vorið fljótt og vel. Flest allir innifundir og samkomur héldust fram yfir miðjan maí.

En svo leið að hinum 50. afmælisdegi mínum. Ég kveið fyrir honum og langaði til að geta farið eitt-



hvað úr bænum, en svo var lagt að mér að vera heima þennan dag. Ég man að Guðmundur vinur minn náði í mig nokkrum dögum fyrir og bannaði mér hreint og beint að fara burtu. Ég vissi að þeir ætluðu að gera eitthvað mér til sæmdar. Það komu til mín tveir menn og sögðu mér að það væru sumir bæjarmenn að hugsa um að halda mér samsæti niður á Hótel Ísland. Ég sagði þeim að fyrir mér mættu þeir halda sér veislu og éta og drekka, en þeir mættu ekki ætlast til að ég kæmi þangað. Svo féll það úr sögunni.

Það var líka minnst á það í félaginu að hafa meiri háttar samsæti í stóra sal, en það aftók ég með öllu, en þeir mættu halda samkomu um kvöldið, alveg uppbyggilega, líkt eins og vér vorum vanir að hafa á afmælisdögum félagsins. Það varð svo að ráði.

– Einnig fékk ég að vita að bæjarstjórnin vildi gjöra eitthvað fyrir mig. Ég var spurður að því í trúnaði, hvernig mér litist á að verða heiðursborgari. Það leist mér illa á, því að ég þóttist sjá í anda, hve óviðeigandi það væri að sjá „heiðursborgara“ höfuðstaðarins vera snögglæddan að hamast með strákum suður á fótboltavelli eins og unglingsstrákur. Mér fannst að með því að fá slíka sæmd væri ég dæmdur til að haga mér „settlega“ og framganga virðulega og vel búinn á strætum úti. En ég sagði: „Það besta, sem bæjarstjórnin gæti gert fyrir mig, væri það að gefa mér til eignar eða þá til fullrar erfðafestu Valsvöllinn á Melunum.“ Því bæjarstjórnin hafði veitt oss völlinn til fullra umráða og afnota svo lengi, sem bærinn þyrfti ekki að halda á honum til sinna þarfa.

Svo kom nú að hinum mikla degi. Ég held ég verði að gefa lýsingu á honum, þótt ég eigi á hættu að virðast miklast af honum og raupa (er ég skrifa þetta, 1948, er ég nú reyndar kominn á „raupsaldurinn“ svo það gerir þá ekki svo mikið til), en ef ég gengi þegjandi fram hjá því sem gert var fyrir mig, þá fyndist mér það vera vanþakklæti. Svo að ég segi söguna eins og hún varð þann dag.

– Föstudagskvöldið 24. maí var allt á öðrum endanum í húsi voru. Það var verið að skreyta salinn fyrir samkomuna. Ég gekk því út og reikaði inn á gróðrarstöðina inni við þvottalaugarnar. Þar var ég fram eftir nóttinni. Ég hafði biblíuna með mér. Þetta var virkilega fimmtugasti skírnardagur minn.

Ég hafði fyrir svo margt að þakka og margs að minnast í handleiðslu Guðs á mér og högum mínum.

Ég lét skemmri skírnarstundina, 5 mínútum eða svo eftir að ég fæddist renna upp fyrir mér, því ég vissi hvernig hún hafði farið fram.

Ég fór með skírnarorðin og faðirvorið, eins og ég vissi að ljósmóðirin hafði gert. Það var stærsta stund lífs míns, og er mér kærust allra stunda æfi minnar, er ég undir eins í byrjun lífsins var vígður Guði.

Þetta er helsta hugleiðing mín á hverjum afmælisdegi.

– Svo lét ég minningarnar um handleiðslu Guðs og gjafir hans á velgjörðum manna, stíga upp fyrir mér.

Minningarnar ráku hver aðra, eins og í lifandi myndum, andlit lifandi og dáiinna velgjörðarmanna komu fram í hugann og vöktu þakklæti og bæn til hans, sem stendur bak við þetta allt saman.

Þetta er ég vanur að gera á hverjum afmælisdegi og undrist nokkur yfir því hvað vel ég man, þá má sá vita að meðal annars er það ekki lítið að þakka þessum árlegu afmælisnóttum.

Sólin var komin upp yfir fjöllin er ég gekk heim. Klukkan var um fjögur er ég var kominn inn í svefnherbergi mitt, niðri í kjallaranum. Ég sofnaði fljótt. Ég vaknaði illa útsofinn eða hálfvaknaði. Ég þóttist heyra undurfagran söng. Ég hélt að mig væri að dreyma, samt fannst mér ég kannast við lagið, það var Jes. 60. „Stattu upp! Lys þú! Því að ljós þitt kemur“ og svo framvegis.

– Ég glaðvaknaði en lá kyrr, mér datt í hug að karlakórinn væri að æfa sig undir kvöldið, því að ég vissi að hann átti að syngja á samkomunni. Svo varð þögn og svo byrjaði nýr söngur, 24. sálmur Davíðs. „Þér hlið, lyftið höfðum yðar, hefjið yður þér öldnudy“ og svo framvegis. – Þá vissi ég hverskyns var.

Ég spratt upp og klæddi mig í skyndi og opnaði hurðina. Þar á ganginum stóðu þeir allir mínir kærur vinir. Ég stóð agndofa, þangað til söngurinn var búinn. Svo komu auðvitað heilla-óskirnar.

Ég var hrærður, það var grátgleði í mér. Svo fóru þeir upp í litla salinn. Þar var kaffiborð búið. Ég sagði mömmu, að hún skyldi ekki vera að baka til dagsins, en hún hafði nú gert það samt.

Klukkan tíu kom öll stjórn KFUM. Þeir færðu mér eina óþæfða sjóvettlinga, gráa, en í þeim voru átján hundruð krónur í skíru gulli. Átján hundruð krónur! Ég hafði aldrei átt svo mikla peninga á æfi minni. – Klukkan ellefu komu bæjarstjórnar menn og formaður hennar Sighvatur Bjarnason bankastjóri hélt fallega



ræðu og afhenti mér skrautritað skjal, undirritað af öllum bæjarstjórnarmönnum, nema einum, sem ekki var þá hér á landi og skjalinu fylgdi gjöf frá bænum, tíu þúsund krónur sem viðurkenning fyrir starf KFUM og til ráðstöfunar fyrir starfið. – Klukkan tólf var ofurlítið hlé á heimsóknnum og notaði ég það til að fara niður á Símsstöð og senda heillaskeyti til bæjarfógetans Páls Einarssonar, sem þá varð líka fimmtugur. Hann fæddist í Fljótunum í Skagafirði, ég hinum megin við fjallið í Svarfaðardal sama ár og sama dag og ef til vill sama klukkutíma. Það vitum við ekki.


Það var flæðandi sólskin og ég tók eftir því að mörg flögg voru uppi og þar á meðal í Stjórnarráðinu og Latínuskólanum. Ég spurði kunningja sem ég mætti, hvað um væri að vera í bænum. Hann sagði: „Veistu það ekki? Það er afmælið þitt í dag“

Glóðheitur straumur sté frá hjartanu, upp til heilans, bylgja af hrifningu við að sjá tjúguflagg Latínuskólans ljóma í sólskininu fyrir mér. Ég sá mig allra snöggvast í anda, er ég gekk inn í Latínuskólann haustið 1886. Engan heiður fannst mér ég hafa fengið slíkan sem þennan. Latínuskólinn sjálfur flaggar fyrir mér, sem hvorki er kennari eða neitt, ekki einu sinni dauður. Ég held að það hafi verið stoltasta stund æfi minnar.

– Svo fór ég heim og síðan byrjaði straumurinn aftur. Blóm, símskeyti og ýmsar gjafir bárust mér. Bæjarstjórinn Knud Zimsen sendi mér heilan sekk af kaffibaunum, og það þegar öll hin Norðurlöndin voru kaffilaus. – Kassa með fimmtíu pundum af hvítasykri fékk ég frá þeim Vísis-vinum, Guðmundi Ásbjörnssyni og Sigurbirni Þorkelssyni. – Guðmundur Bjarnason færði mér forláta Edison grammófón með ágætum plötum. Margar fleiri gjafir bárust mér, bæði í blómum og öðru. Biskup kom sjálfur og ráðherra og fleiri tignarmenn.

Um kvöldið var haldin samkoma í prýðilega skreyttum sal. Sungnir voru sálmar og ræður haldnar. Það voru fallegar ræður og uppbyggilegar, byggðar á Guðsorði, ræður þar sem Guði var gefin dýrðin fyrir alla náð hans og handleiðslu í starfinu á liðnum árum. Þetta var frumtóninn í ræðunum.

Að þar að auki féllu góð orð og vinsamleg með talsverðu oflofi í minn garð var auðvitað óhjákvæmilegt það kvöld. Það gefur gleði og þakklæti, en sú gleði er mjög nálæg tárunum og auðmýkir og örvar í senn. En á slíkri stundu verður ljósast í meðvitundinni þakklætisskuldin



Séra Friðrik, fimmtugur.

við Guð og menn. Dagurinn endaði nær miðnætti, sólskinsdagur sem aldrei gleymist, og vermir ennþá eftir 30 ár. –

Nokkru eftir afmælisdaginn afhenti ég 10.000 krónurnar til félagsstjórnarinnar. Hún vildi að stofnaður yrði sérstakur minningarsjóður er bæri nafn mitt.

Vinur minn Knud Zimsen hjálpaði mér til þess að búa til reglugerð fyrir sjóðinn og koma fénu í verðpappíra, eða hvað það nú heitir, ég er manna vitlausastur í þeim sökum.

Svo fór nú lífið að ganga aftur sína gömlu braut. En nú var starfið mest úti. Í staðinn fyrir aðal- deildarfundina kom nú vinna inni á gróðurlandi okkar við Laugarnar. Guðmundur klæðskeri Bjarnason stóð aðallega fyrir starfinu þar á aðal- deildarkvöldum. Á miðvikudagskvöldum vann unglिंगadeildin þar innfrá undir stjórn þeirra bræðra Ingvars Árnasonar og Hróbjartar. Voru það allt hinar indælustu stundir.

Unglingadeildin fékk sérstakan blett í einu horni svæðisins og útbjuggu þar blómagarð sem



var hin fegursta prýði vallarins. Þar átti að vera alþjóðamerki KFUM í blómum. Nú var þetta í byrjun, en því meiri var nautnin við vinnuna því að allt var enn í vonum.

– Á mánudögum var ég í Hafnarfirði og var þar líka útivinna. Ég hafði keypt mér ljómandi stað úti í hraunkatli einum og höfðum við haft þar margar skemmtistundir, en svo kom byggðin nær og nær og þá var yndi staðarins lokið.

En Hafnfirðingar stunduðu líka knattspyrnu af kappi, þótt erfitt væri að fá sér góðan stað til leikvallar.

Mig minnir að það vor ynni Valur sitt fyrsta mót og þó ekki með neinum sérlegum heiðri, nema það sem mér þótti alltaf varið í að heyra, að Valsmenn léki fallega og viðhefðu aldrei hrottaskap né ófögur leikbrögð.

Það voru líka þó nokkrir úr KFUM í öðrum knattspyrnufélögum en Val. Mér þótti ekkert að því. Ég held að það hafi einmitt verið þetta sumar að einu sinni í kappleik milli KR og Vals voru 17 KFUM-piltar á vellinum, 11 Valsungar og 6 KR-ingar.

Um sumarið bar 15. ágúst upp á laugardag.

Ég býst við að ég hafi getið um það áður að 15. ágúst er einn af mínum uppáhaldsdögum og hafði ég þann sið í fjöldamörg ár að halda upp á hann með því móti að hafa einhverja pilta hjá mér um kvöldið og segja þeim frá skilnaðarkvöldi mínu við U.D. í Kaupmannahöfn 15. ágúst 1897. Þetta kvöld bauð ég öllum full-orðnum knattspyrnumönnum sem voru félagsbundnir í KFUM heim til mín og fáeinum öðrum. Þeir komu um 60.

– Fyrst settumst við að kaffidrykkju niðri í litla sal. Þar voru haldnar ýmsar ræður og þar sagði ég frá byrjun og tilefni þessa hátíðarkvölds míns.

Svo að kaffidrykkju lokinni var öllum boðið upp í stóra sal og þar las ég upp fyrir þeim til skemmtunar sögu sem ég hafði samið nóttina áður. Sagan var um stofnun og leiki tveggja knattspyrnufélaga, annars úr KFUM og hins manna utan við félagið. Til þess að menn skyldu ekki halda að ég væri að sneiða að ákveðnum piltum eða að lýsa Val og einhverju hinna knattspyrnufélaganna lét eg söguna gerast í Water-town, litlum bæ í Bandaríkjunum. Auðvitað var bæjarnafnið einnig „uppdiktað“. – Menn hlust-



uðu vel á söguna og vildu endilega fá framhald hennar.

Úr þessu varð því heil saga sem kom út á prenti og heitir *Keppinautar*. – Það var alls ekki hugmyndin þá er ég las hana upp að hún ætti nokkru sinni að koma út. – En allir sögðu að kvöldið hefði verið skemmtilegt.

Eina stóra sorg fengum við á þessu sumri. Okkar ágæti félagsbróðir Þorvaldur Guðmundsson bóksali veiktist skyndilega af slagi og komst aldrei til fullrar heilsu eftir það. Hann var einn af okkar vinsælustu félagsbræðrum. Hann var fullur af trú og áhuga fyrir KFUM, reiðubúinn að styðja að öllu góðu í félaginu. Hann var að mörgu mjög sérkennilegur maður. Hann hafði lítt notið menntunar í bernsku og æsku, en var vel gáfaður og feikna minnugur, var allur í bókum.

Hann var manna fróðastur um sögu Íslands og hélt mörg erindi bæði í aðaldeild og ungl-ingadeildinni. Fyrirlestrar hans voru bæði fróðlegir og skemmtilegir.

Hann starfaði með miklum dugnaði fyrir bókasafnið sem átti honum mikið að þakka. Það var því skarð fyrir skildi, er þannig var komið og

Tjörnin og miðbærinn séð úr turni Frikirkjunnar. Fjær eru (frá vinstri til hægri) melarnir og gamli Melavöllurinn (til 1925), honum næst Hólavallakirkjugarður og loks Landakot sem ber hæst í mynd. Ljósmyndari. Magnús Ólafsson (1862–1937).

reyndum við að gera honum lífið svo bærilegt sem unnt var. Hann lifði enn í nokkur ár. Að tilhlutan vina hans voru gefnir út allmargir af fyrirlestrum hans.

Haustið nálgast nú óðum og hugðum við gott til starfsins á komandi vetri; það fór líka vel af stað er starfstíminn byrjaði aftur og stóð í fullum blóma allan októbermánuð. En með nóvember varð hlé á öllu, ekki aðeins í félagi voru, heldur og í bænum.

Á laugardagskvöldið 2. nóvember heyrði ég fregn um að skip hefði komið og með því hefði borist sú pest sem heyrst hafði að geysaði á Spáni og víðar. Það var sagt að hún hefði þegar tekið alla á vélaskólanum (minnir mig). En að hún myndi verða eins skæð og raun varð á datt þó fæstum í hug.

Sunnudaginn þ. 3. nóv. var allt í gangi. Það var allra heilagra-sunnudagurinn og kirkjurnar voru vel sóttar. Yngsta deildin var mjög fjöl-



menn að vanda, en samt var farið að berast út að fólk væri að veikjast.

Um kvöldið var margt á hinna almennu samkomu hjá okkur. Ég samdi ræðu mína um daginn milli funda og það var í mér einhver hrollur og hálfgerður kvíði. Ég lagði út af „Fjórir reiðmenn“ í Opinb. 6. 1–8. – Ég talaði um drepsótt og dauða. Ég talaði um hvernig kristnir menn ættu að taka þessu. Ég sagði að lokum: „Verið gæti að engin samkoma yrði hér næsta sunnudag og hvernig við þá gætum hver í sínu lagi beðið fyrir bænum og okkur sjálfum ef við yrðum þá uppi standandi.“

– Á eftir fannst mér að ég hafa verið full svart-sýnn og ásakaði mig fyrir ef ég kynni að hafa skotið einhverjum skelk í bringu án þess að vekja hinn rétta ótta, sem leitt gæti til iðrunar. Ég var viss um að hve svört og svæsin sem þessi influensa yrði, þá mundi hún ekki snerta mig. Ég talaði við mín „hvítu blóðkorn“ um að standa sig í baráttunni við óvinina sem kæmu. Ég las svo og hugleiddi 91. sálm Davíðs og svaf áhyggjulaust. Á mánudaginn kenndi ég aðeins tvo kennslutíma af fimm, því að nemendurnir komu ekki í hina þrjá. –Um kl. 5 lagði ég af stað til Hafnarfjarðar en er ég var kominn suður í Öskjuhlíð, datt mér í hug, að leiðinlegt væri ef veikin væri ekki komin þangað suður og ég yrði til að bera hana.

Ég sneri svo við heim.

Nú vissi ég að hún var í fullum gangi í Reykjavík og að fólk væri að leggjast hrönnum saman. Á þriðjudag kom aðeins einn af nemendum mínum. Svo hugsaði ég með mér að nú hefði ég tíma til að heimsækja vini mína í lasleika þeirra og allan daginn síðdegis var ég á ferðalagi að vitja sjúkra vina og eins á miðvikudaginn. Ég hafði þó enn ekki neina reglu á heimsóknunum, kom ekki til að hjálpa heldur að vitja um vinina. Á flestum stöðum sem ég kom voru einhverjir á fótum. Miðvikudagskvöldið var fundur í U.D. Það komu 14 eða 15 á fund. Við töluðum mest saman um ástandið og enduðum fundinn með bænagjörð. –Það var svo síðasti fundurinn þá viku, það þurfti ekki að aflýsa neinu. Það var sjálfgert. Nú fór líka í alvöru að syrta að og neyðarfregnir að berast um. Í mörgum húsum var enginn maður á ferli. Búðir lokuðust og erfitt var að ná í nauðsynjar. Þá fóru þeir sem frískir voru að húa sig saman og skipuleggja hjálp. Nokkrir fundir voru haldnir og menn útvegaðir til að ganga um og rannsaka hvar þörfin væri brýnust.

Sá sem best af öllum gekk fram í því að skipuleggja var Lárus hæstaréttardómari Bjarnason og vann hann líka sjálfur óspart. Ég mætti honum stundum þar sem hann gekk með tvær matarfötur að færa þangað sem neyðin var. Ég get sagt að þá byrjaði kunningsskapur okkar á milli. Ég sá hann í nýju ljósi á þeim dögum. Ég sá nú að ég gæti ekki framfylgt þeirri ætlun minni að fara á kreik og heimsækja sjúka vini af handahófi en yrði að binda mig við vissa staði til að hjálpa eitthvað, þar sem ég fékk lyklavöldin og gat gengið um allan sólarhringinn.

Í þessum 6 húsum bjuggu 9 fjölskyldur. Áður en ég varð alveg bundinn skropp ég einn dag í fyrstu vikunni suður í Hafnarfjörð því ég vissi að nú var veikin byrjuð þar. Ég heimsótti þó aðeins Jóel Ingvarsson og fékk fregnir hjá honum. Veikin sýndist vægari þar en í Reykjavík, en auðvitað kom okkur saman um að fundir félli þar niður. Um þessar mundir var hjá mér drengur á daginn til aðstoðar, einn af mínum kærustu drengjum, guðsonur minn, Halldór Árnason, sonur Árna trésmiðs Þorleifssonar. Foreldrar hans voru virktavinir mínir og stóðir í félagsskapnum. Halldór fór með mér til Hafnarfjarðar þennan dag og var vel frískur. En næsta dag varð hann að fara heim, en hann varð ekki mikið veikur. Sama var að segja á heimili mínu; þar varð enginn alvarlega veikur og ekki allir í einu. Veikastur varð ungur maður sem bjó hjá mér um veturinn, ungur námsmaður, Þórður Jónsson, frá Siglufirði, náfrændi minn. Hann var sonur Jóns Kristinssonar frá Hrísey og Hallfríðar Þórðardóttur, Pálssonar, móðurbróður míns. Með okkur Þórði var góð frændsemi og vinátta. Hann var talsvert mikið veikur og fékk háan hita. En einn daginn er ég skropp heim að vitja um hann, hafði hann svo mikinn hita að ég varð hræddur um hann. Er ég spurði hann hvort hann langaði í nokkuð sagði hann að sig háflangaði í kaffi. Ég var nú að laga kaffi handa sjálfum mér og svo gaf ég honum bolla af allsterku baunakaffi. Ég var nú samt hálf hikandi við þetta. En um kvöldið þegar ég kom heim um 7 leytið var hann allhress og hitinn lækkaður til muna. Eftir 3 eða 4 daga var hann kominn á fætur.

Sunnudagurinn 10. nóvember var næsta ein-kennilegur dagur. Þá var bærinn allur eins og stór spítali. Það voru gluggatjöld dregin fyrir alls staðar. Um hádaginn sást varla blæjulaus gluggi hvar sem maður fór. Það lá fannhvít fól yfir götunum og víða sáust aðeins slóðir og fótaför



mátti telja. Hér um bil allar slóðir lágu til apóteksins. Þar var líka traðk. Að kirkjudyrunum lá engin slóð. Kirkjuklukkurnar voru þögular þann sunnudag, eins og þær væru að hvíla sig undir erfiðið sem þær áttu í vændum. Grafarkyrrð hvíldi yfir bænum. Það var besta sleðafæri á götunum, en engin börn sáuust á sleðum. Engar glaðar barnaraddir né hvellir hlátrar heyrðust, fölið var svo hvítt og hreint. Mér fannst það næstum það ömurlegasta af öllu.

Nú fóru tíðar fregnir um mannslát að berast um. Mér fannst það þyngst er beiðni kom til mín um að fara og tilkynna nánnum ættingjum dauða ástvina þeirra. Mér hefur ávallt þótt það vera erfiðasta prestsverkið, en nú reyndist mér það léttara en áður.

Hinir sjúku tóku dánarfréttinni með svo mikilli ró; það furðaði engan á slíkri fregn þá. Ég man eftir að sagt var stundum, er maður hafði tilkynnt dauða náins ástvinar: „Jæja, er hann (eða hún) búinn að stríða, já það fara margir nú.“ – Það kom ekki flatt upp á neinn, menn voru við öllu búnir. Ég fann það líka á sjálfum mér að ég sljóggaðist fyrir því. Það var helst fyrstu vikuna. En þá var nú dauðinn ekki reglulega kominn á strikið. Ég man að mér fannst mikið um að heyra að próf. Jón Kristjánsson

Börn að leik í portinu við Templarasund og Kirkjuhvol. Frá vinstri: Ingibjörg Norðfjörð, Kristín Bernhöft, Sighvatur Jónsson, Þórunn Þorsteinsdóttir, Ólafur Jónsson, Kristján Jónsson, Unnur Árnadóttir, Ásta Árnadóttir og Benedikt Árnason. Ljósmyndari. Magnús Ólafsson (1862–1937).

væri látinn; hann hafði verið mér kær frá því er hann var drengur þriggja ára gamall. En hann dó þegar þann 9. nóvember.

Um það leyti dó einn af kærum vinum mínum, Jón Sigurðsson, fangavarðar Guðmundssonar. Ég var þá einmitt milli vonar og ótta um bróður hans Harald Sigurðsson, hann var með þeim fyrstu sem veikina fengu og varð svo þungt haldinn að honum var ekki ætlað líf í heila tvo daga.

– Svo fóru nú að verða fleiri og fleiri af mínum nánustu vinum í KFUM og K. Ég man ekki hvert kvöldið það var á fyrri hluta tímabilsins að sent var eftir mér langt innan úr bæ til að skíra deyjandi barn. Séra Bjarni var þá mjög veikur og ekki hafði náðst í hina prestana.

Ég fór í húðarigningu og kolamyrkri og skírði barnið. Svo gekk ég heimleiðis niður Laugaveg. Fyrir framan eitt hús nam ég staðar. Mér datt í hug að þar ætti heima unglingspiltur, mjög kær félagi í U.D. – Ég hafði heyrt að hann væri veikur. Hann hét Þórður og var sonur ekkju sem



bjó þar uppi á hæstalofti. Mér datt í hug að nota tækifærið og líta inn til hans. Ég gekk upp marga stiga og barði að dyrum. Ég heyrði sagt: „Kom inn“ og ég opnaði hurðina. Það var lítil stofa með tveimur rúmum hvort sínu megin undir súðinni. Í öðru lá móðirin og í hinu lá Þórður nýdáiinn. Konan varð mjög fegin komu minni. Þórður hafði dáíð daginn áður og það átti að sækja líkið þá um kvöldið. – Aðeins ein trésmíðaverkstofa var í gangi, svo að ekki var að tala um reglulegar líkkistur í bráð. En þessi verksmíðja smíðaði bráðabirgðakassa (þeir voru líkastir löngum trogum) til að flytja lík í suður í líkhúsið í kirkjugarðinum. Þegar ég var nýkominn þarna upp komu tveir unglingspiltar með „trogið“ og settu það inn á gólfið og kváðust mundu koma eftir hálf tíma að sækja það aftur og báðu um að þá væri búið að kistuleggja. Svo varð ég að gera það. Það var erfitt að taka líkið upp úr rúminu, færa það í náttföt og leggja það í kassann og vefja svo línlaki um. Einhvern veginn tókst mér þetta. Svo hélt ég bænagjörð þar inni. Konan var stillt og tók þessu með mikilli rósemi. Svo komu piltarnir og báru líkið niður. Ég varð þeim samferða. Þar var hestvagn á götunni og var kistan sett upp í vagninn og síðan ekið af stað.

Ég hafði heyrt að margir væru mjög hneykslaðir á léttúð og atferli þeirra pilta sem höfðu þennan starfa. Þeir voru fjórir með hverjum vagni.

Ég veit reyndar ekki hvort vagnarnir voru fleiri en þessi. Á vagninum voru fjórar eða fimm af þessum „kistum“.

– Vagnmenn voru piltar, liðlega tvítugir eða svo. Þeir fóru auðvitað ekki með neinni andagt eða helgibragði að verki sínu. Ég heyrði orðin: „Upp með það!“ Og ýmsar slíkar upphrópanir og þeir gátu haft spaugsyrdi og hlegið sín á milli og virtust vera röskir og duglegir piltar.

Ég fylgdist með þeim niður götuna og sóttu þeir lík inn á tveimur stöðum. Ég hneykslaðist ekki á kæti þeirra. Mér fannst það vera eðlilegt og eiginlega gjöf til þeirra að geta tekið því svona. Þeir urðu að ganga fram af sér að verja sig fyrir tilfinningaseminni sem hefði getað lamað þá að eiga á hverjum klukkutíma að sjá svo mikla sorg og nekt alls staðar. Ég heyrði ekkert blótsyrði til þeirra. – Ég hef skrifað um þennan atburð svo greinilega sem sýnishorn af því sem svo víða átti sér stað um þessar mundir.

Engum fundum var aflýst. Þess var ekki þörf.

En það var Y.D., sem aldrei að öllu lagðist

niður. Sunnudaginn þann 10. komu 20 drengir. Ég hélt með þeim stutta guðræknisstund.

Næsti sunnudagur, 17. nóv. var hræðilegasti dagurinn fyrir mér á öllu þessu tímabili. Fólk var nú víðast að komast á fætur, en um þá helgi urðu lang flest dauðsföll á öllu tímabilinu. Ég var viðstaddur dauða sex vina minna. Þá dó einn af mínum kærustu vinum, Þorvaldur Sigurðsson fangavörður. Það var ákafleg eftirsjá að honum, einnig fyrir KFUM. – Þegar hann var rétt skilinn við varð ég að fara upp á Njálsgötu því að ég vildi kveðja vin minn, séra Lárus Halldórsson, fyrrverandi prest að Breiðabólstað á Skógarströnd. Ég hafði heyrt að hann lægi fyrir dauðanum. – Þegar ég kom inn til hans þekkti hann mig og brosti. Ég las upp fyrir honum nokkur vers úr Nýja testamentinu og var hjá honum um hálf tíma. Svo andaðist hann og ég lokaði augum hans. Hann dó glaður í anda og hafði rænu fram í andlátinu.

Þaðan flýtti ég mér heim og þá voru komnir um fjörutíu drengir. Ég hélt stutta bænagjörð er ég hafði lesið fyrir þá guðspjall dagsins.

Svo fór ég og var við kistulagningu frú Gróu, konu vinar míns Sigurbjörns Þorkelssonar og var það átakanleg stund innan um allan þann unga barnahóp en var léttara við það að hin lifandi von kastaði ljósi inn í myrkur dauðans.

Ég varð að fara á nokkra staði að tilkynna andlátsfregnir og seint um kvöldið fór ég vestur í Mjóstræti að hjálpa til við að kistuleggja einn kæran fermingarson minn, Kjartan Magnússon er var í fermingardrengja-flokki mínum vorið 1910.

Svo gekk ég heim á leið eftir hinum auðu götum, það var kl. ellefu um kvöldið. Er ég kom í Aðalstræti datt mér í hug að líta upp til vinar míns, Guðmundar klæðskera Bjarnasonar og kveðja hann því nú var hann talinn af. Þeir sem yfir honum voru bjuggust við að hann mundi deyja þá um nóttina. Ég staldraði lítið við því hann hafði dálítið óráð en þekkti mig samt. –

Þaðan gekk ég svo heim. Ég var svo þreyttur og niðurbeygður, en samt í því skapi að mér fannst að það gerði ekki svo mikið, þótt allir vinir dæju. Það var yfir mér einhver dauðarungi og hálfkæringsleg ró. – Ég kom heim og lagðist á legubekkin og sofnaði og svaf vært til morguns.

Svo byrjaði starfið aftur.

Það sem hélt mér uppi var ritningarorð sem stöðugt söng í mér.



Það var 5. Móseb. 33. kap., 25. vers eins og það stóð í ensku þýðingunni, nokkuð öðru vísi en í hinni íslensku:

As thy days, so shall thy strength be.

(Ísl. „afl þitt réni eigi fyrr en ævin þrýtur.“)

Ég hélt mér dauðahaldi í þetta fyrirheiti og það brást mér heldur ekki. Einu sinni hélt ég að það ætlaði að bregðast:

Ég kom heim til mín eina nótt kl. 3½. Veðrið var milt og þítt. Ég hafði verið á gangi allan daginn og hafði varla smakkað mat. Ég hafði verið um þrjúleytið uppi í einu af mínum húsum að gæta að miðstöðinni og vita hvort sjúklingarnir þörfnuðust nokkurs sérstaks.

Ég gekk svo niður á Laugaveg og gekk hægt, því að mér var svo heitt og ég tók eftir því að æðarnar á handarbökunum voru eins og úttútnaðar. Ég var mjög sveittur. Svo kom ég heim og fór út í eldhús að fá mér eitthvað að borða. Svo fór ég inn á lestrarstofuna í KFUM og lagði mig á legubekkinn, þar svaf ég allan þenna tíma og fór ekki úr fötum. Þegar ég nú lá þar og reyndi að sofna gat ég það ekki, ég var svo sveittur og svo fékk ég svo mikinn hjartslátt að ég man aldrei eftir að hafa fengið hann slíkan. Þannig lá ég um hálf tíma. Mér datt í hug:

Skyldi ég vera að verða veikur?

Við þá hugsun varð ég fjúkandi reiður, reis upp, fór fram í eldhús og kveikti á prímus og

Séð austur eftir Austurstræti og upp Bankastræti. „Það lá fannhvít fól yfir götunum og víða sáust aðeins slóðir og fótafór mátti telja. Hér um bil allar slóðir lágu til apóteksins.“ Ljósmyndari. Magnús Ólafsson (1862–1937).

setti upp vatn. Ég tók fulla matskeið af möl-uðum kaffibaunum og lét í stóra bollann minn. Hellti svo á það sjóðandi vatni og byrgði hann. Og svo eftir fimm mínútur hrærði ég í og drakk allt saman, nema „gromsið“ sem settist á botninn, fór svo inn og tók hálfan sterkan Havana-vindil og svældi honum og lagði mig svo á legubekkinn og steinsofnaði.

Ég vaknaði við það að ég heyrði einhvern vera að þruska þar í myrkrinu. Ég kveikti á eldspýtu og sá mann standa þar. Ég þekkti manninn. Hann átti heima inn í bæ og ég vissi að dóttir hans og tengdasonur voru mjög veik. Ég þóttist vita hvað gerst hefði og glaðvaknaði og kveikti ljós. Þá var kl. 7½ og ég var búinn að sofa í góða tvo tíma. Hann sagði mér að dóttir hans hefði dáíð þá um nóttina, og tengdasonur hans lægi í næstu stofu fyrir dauðanum og bað mig að koma og tilkynna hinum unga manni lát konu hans, (þau höfðu verið gift í tæpt ár) og aðstandendurnir hvorki þorðu að segja honum það né leyna hann því. Svo fór ég með honum. Þetta voru vildarvinir mínir.

Maðurinn komst á fætur. –



Miðbakk, Reykjavíkurhöfn. Frostaveturinn mikli. Verið að höggva og saga ís við strandferðaskipið Sterling til þess að ná því lausu úr ísnum. Ljósmyndari. Magnús Ólafsson (1862–1937).

Þess má geta að KFUM-húsið var ólæst bæði nótt og dag allan þennan tíma. –Ég kenndi mér einskis meins og hef ekki fengið hjartslátt síðan.

Ég kom einn dag hlaupandi inn á Grettisgötu á leið í eitt af húsum mínum. Ég hljóp fram hjá stóru húsi og varð litið upp á húsið og þá sá ég kött sem stóð í glugganum fyrir utan glugga-tjöldin og var að sleikja rúðurnar. Ég hljóp áfram og hugsaði ekki meira um það. Svo um nóttina er ég var lagstur út af sá ég allt í einu köttinn fyrir mér og datt í hug: Skyldu nú allir liggja hjálparlausir í þessu húsi og kötturinn hafa í neyð sinni farið út í gluggann að svala sér á rúðumóðunni?

Mér varð svo órótt að ég stóð upp og fór upp að þessu húsi og fann vökukonu og hún sagði mér að fólkið fengi aðhlynningu svo að ég fór rólegur heim. Ég skrapp við og við, er ég gat, inn til annarra vina sem ég átti ekki að annast um. Þannig fór ég eitt kvöld inn á Bergstaðastræti 9. Þar bjó þá séra Bjarni. Ég vissi að hann var mjög

veikur. Þau hjónin voru talsvert veik, en tengdamóðir hans, frú Anna var á fótum, svo að þar var öllu óhætt. En ég gleymi aldrei þessari komu minni þangað. Litli Ágúst sonur þeirra þá eins árs eða svo var ekki veikur. En þegar ég kom inn og hann sá mig, rétti hann út báða armana á móti mér og ég hef aldrei séð slíkan fögnuð hjá svona ungu barni. Meðan ég hafði hann í fanginu, varð ég að harka af mér viðkvæmnina. Séra Bjarni var þá að hressast.

Því meira sem ég sökkti mér niður í minningar þessa tíma því fleira kemur inn í hugann. Ég verð því að takmarka frásögn mína.

Eftir þann 17. fór nú aftur að lifna yfir bænum og umferð að vaxa. – En nú byrjaði nýr kafli. – Um 300 lík höfðu legið á líkbörunum í einu. Og nú byrjuðu greftranirnar. Það var átakanlegur kafli. Líkkistur höfðu nú verið smíðaðar og nú byrjuðu kirkjuklukkurnar að hljóma. Óaflátanlega frá því um kl. 9 á morgnana og fram að myrkri voru þær í gangi og alls staðar mætti maður líkfylgdum og syrgjandi fólki. – Prestarnir urðu að ganga fram af sér. Stundum voru 5–6 kistur í einu í kirkjunni. Það



Ístaka á Tjörninni í Reykjavík. Ljósmyndari. Magnús Ólafsson (1862–1937).

var átakanlegur tími. Þetta stóð yfir mest kringum sunnudaginn þann 24. nóv.

Þann dag komu um 140 drengir á fund í KFUM. – Ég talaði við þá á þessa leið: „Nú á komandi dögum munuð þið oft mæta líkfylgdum. Sumir menn ganga rakleitt áfram. Það skuluð þið ekki gera. Nemið staðar og standið í réttstöðu og haldið á húfunum í hendinni meðan líkfylgdin fer fram hjá.

Ef þið eruð að leika ykkur og sjáið líkfylgd nálgast, þá skuluð þið hætta leiknum á meðan“. – Ég útmálaði fyrir þeim hvað þetta væri fallett og gæti verið lítilsháttar huggun fyrir syrgjendurna.

Það kom brátt í ljós að drengirnir höfðu hugfest þetta. Ég sá oft er ég kom með líkfylgd innan úr bæ, þar sem ég hafði haldið húskvedju, að þeir drengir sem mættu líkfylgdinni námu staðar og tóku ofan höfuðfötin og stóðu svo grafkyrrir. Ég gekk vanalega aftarlega og þegar ég kom fram hjá þar sem drengurinn eða drengirnir stóðu, heilsaði ég þeim með höfuðbeygingu í viðurkenningarskyni. Sæi ég þar aftur á móti dreng sem anaði áfram án þess að standa, en tók svo ofan er hann mætti mér, lét ég sem ég

sæi hann ekki – Einu sinni þegar líkfylgd var að koma niður Bankastræti sá ég tvo drengi sem stóðu þar á gangstéttinni með húfurnar í hendinni. Þá komu tveir fullorðnir menn upp gangstéttina og héldu áfram og litu ekki við líkvagninum. Svo komu þeir þar sem drengirnir stóðu. Þeir stönsuðu og litu undrandi á drengina. Svo tóku þeir ofan fyrir því sem eftir var af líkfylgdinni. –

Leið nú þessi vika eins og aðrar, þótt löng fyndist mér hún. Bærinn var nú að komast í sitt gamla gengi, þótt enn væri langt frá í öllu aflokið.

En næst átti sá sunnudagur upp að renna er aldrei gleymist í sögu lands okkar, né heldur þeim er viðstaddir gátu verið hátíðahöld sem þá fóru fram. Það var sunnudagurinn 1. desember. Þann dag átti að fagna því að Ísland yrði yfirlýst fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Það varð því mjög einkennilegur dagur. Allt sem hægt var að undirbúa var undirbúið. Stundu fyrir hádegi var mikill mannföldi kominn saman fyrir framan Stjórnarráðshúsið svo



Þúsundum skipti manngrúinn. Það var skýjað loft. Það var allt fullt af fólki á stjórnarráðsblettinum á Bankastræti og torginu fyrir framan. Yfir öllu hvíldi djúp kyrrð og alvara. Margir voru mjög veiklulegir og sorg var í hugum og svipum margra. Það var eins og sorgarblíða og hátíð blandaðist saman. Svo gekk fylking af hermönnum frá varðskipinu upp miðganginn upp að Stjórnarráðshúsinu. Enginn fáni sást nokkurs staðar veifandi. Stöngin á byggingunni var auð. Ráðherra, Sigurður Eggerz, hélt ræðu og talaði um þennan mikilsverða atburð og svo hélt yfirmaður varðskipisins, kapteinn Lorch, tölu og kom þar fram sem fulltrúi hans hátignar, konungsins. Þá byrjaði íslenski þriliti fáninn að stíga upp eftir stönginni, það varð dauðapögn, það var eins og allir héldu niðri í sér andanum. Um leið og fáninn var að komast að húni opnaðist skýjapakíð og bjart sólskin streymdi niður yfir stöngina og ljómaði á fánann. Þá rann úti í fyrir mörgum. Og um leið kváðu við fallbyssuskot frá varðskipinu og mörg hundruð fánar þutu upp á fánastengur víðs vegar urn allan bæ og á öllum skipum ear lágu úti á höfninni. Fagnaðarópin risu nú upp, knúð fram af máttugri hrifningu mannfjöldans. En samt sá ég tár renna niður kinnarnar á mörgum hraustum manni. Ísland var nú viðurkennt það sem það varð árið 1262 og hafði í rauninni verið ávallt síðan, sambandsríki fyrst við Noreg og svo við Danmörku, en um nokkrar aldir hafði þetta gleymst og orðið í meðvitund heimsins aðeins aukaland undir annarra valdi. Nú kunngerði hinn viðurkenndi fáni: Sjá, nú tókum við sæti við hlið hinna annarra ríkja Norðurlanda. –

Ég man að ráðherrann óskaði þess í ræðu sinni að danska þjóðin mætti fá þá ósk sína uppfyllta að fá aftur Suður-Jótland og tók kapteinn Lorch undir þá ósk. –

Biskup Íslands predikaði í Dómkirkjunni út af textanum í Jes. 60, 1–2 og mér fannst hvíla yfir guðsþjónustunni sami blærinn, sorgblíð hátíðargleði, eins og yfir athöfninni við Stjórnarráðshúsið.

Uppi í KFUM-húsinu var dagurinn líka hátíðlegur haldinn. Kl. 4 síðdegis var samkoma fyrir Y-D og U-D. Hún varð mjög fjölmenn. Um 400 drengir voru á fundinum. Er þeir komu inn í salinn, hékk á stafninum bak við ræðustólinn aðeins Dannebrog. Svo er fundurinn var byrjaður með söng og bæn þá hélt ég ræðu um daginn og þýðingu hans og svo sagði ég í fáum dráttum sögu danska fánans og útskýrði fyrir drengjunum orsök þess að Dannebrog hefði

aldrei getað verið eða orðið okkar þjóðfani, þó að við hefðum orðið að nota hann um stund og nú vildum við í vinsemd kveðja hann og óska Danmörku allra heilla. Svo að gefnu merki stóðu allir drengirnir upp og stóðu þegjandi. Dannebrog tók hægt að siga niður og jafnsnemma byrjaði hinn íslenski fullveldisfáni að stíga upp fyrir framan og Dannebrog hvarf bak við okkar eigin fána. Svo þegar hann var kominn alveg upp þá lyftu allir drengirnir höndunum upp til fánans með hinni gömlu rómversku kveðju og sungu hyllingsöng til fánans og hins íslenska ríkis. Það vakti furðu drengjanna að þeir sáu ekki með hverju fánarnir voru dregnir niður og upp. Það var útbúið þannig að tveir drengir sátu á bak við orgelið og höluðu fánana með tögum, sem ekki sáust framan úr salnum, svo að þeir sýndust svífa af sjálfu sér í lausu lofti.

Um kvöldið var fjölmenn samkoma í KFUM með hátíðarsniði.

Fyrstu vikuna í desember héldu jarðarfarir áfram. Prestarnir áttu á þessum vikum ekki sjö dagana sæla. Það kom niður á séra Bjarna og var ég undrandi á þreki hans og starfskrafti, því hann var ekki búinn að ná sér eftir leguna þegar jarðarfara tímabilið byrjaði. Ég var dauðhræddur að þetta yrði honum að tjóni. Hann var stundum sárlasinn en ekkert hlé varð á önnum hans og það var honum þvert um geð að hlífa sér við neinu, hversu sárlasinn sem hann var. Ég man eftir einu kvöldi, ég held það hafi verið í síðustu vikunni í nóvember, að hann kom heim til mín rétt við miðnætti og var svo veikur að ég varð dauðhræddur um hann. Eg man ekki hve margar jarðarfarir hann hafði framkvæmt þá um daginn og síðan um kvöldið undirbúið sig undir næsta dag, en kom svo að biðja mig að vera til taks ef hann yrði ekki uppi-standandi næsta morgun, því að það voru einar tvær eða þrjár jarðarfarir sem áttu að fara fram fyrir hádegi og byrja kl. 9. Ég lofaði því auðvitað. Svo hvíldi hann sig nokkra stund hjá mér og eftir sambæn fylgdi ég honum heim. Það átti að hringja til mín um morguninn ef hann, kæmist ekki á fætur. – Um morguninn kom engin hringing. Hann fékk þrek til að vinna verk sitt.

Í spænsku veikinni dóu nokkrir KFUM bræður vorir og nokkrar félagssystur úr KFUK. Það var mér mikil eftirsjá að þeim ágoetu vinum. Þar voru meðal annarra þeir bræðurnir Þorvaldur



og Jón Sigurðssynir fangavarðar Jónssonar. Svo voru tveir fermingarsynir mínir frá 1910, Kjartan Magnússon, sem ég hef áður getið um og Karl Magnússon, sonur Magnúsar Gunnarssonar, piltur mjög kær mér. Ég saknaði líka mjög vinar mins, séra Lárusar Halldórssonar, sem oft var kallaður hinn yngri til aðgreiningar frá séra Lárusi Halldórssyni, fyrrverandi frikirkjupresti. Séra Lárus hinn yngri var líka skáld gott og höfum við í söngbókum okkar söngva eftir hann. Hann var skrautskrifari með afbrigðum. Hann var mér mjög samgróinn frá prestaskóladögum hans, er hann komst til lifandi trúar.

Þá var einnig keyrslumaður (bifreiðarstjóri), Guðmundur Eyjólfsson, sem verið hafði afar tryggur og áhugasamur félagsmaður frá því á Melstedhússdögum; hann átti gott og fallett bókasafn sem hann arfleiddi bókasafn KFUM að.

Í desember var haldin hátíðleg minningar- og þakkarsamkoma sameiginleg með KFUK til að þakka Guði fyrir hina látnu vini okkar.

Á þessum síðasta mánuði hins viðburðaríka árs komst starfið aftur í rétt horf, þrátt fyrir mikil vandræði vegna skorts á eldsneyti sem þá var mikill í bænum.

Það hafði um sumarið verið tekið upp feikna

Mynd tekin á Brekkuholtinu (Laugavegur 3) niður Bakarabrekkuna (Bankastræti). Hornið á Skólavörðustíg til vinstri. Verslunin Visir efst til hægri. Ljósmyndari Ókunnur.

mikið af mó og var það langt frá gott til brennslu í miðstöðvarofna. Þá fengum við heilmikið af hrísi og kalviði úr Vatnaskógi. Ég vissi varla hvar Vatnaskógur var, en fékk fræðslu um það af einum af félögum okkar sem fengið hafði atvinnu við skógarvinnsluna um haustið. Það var Hróbjartur Árnason, og get ég þessa hér, því að þessi dvöl hans þar upp frá varð svo þýðingarmikil fyrir okkur í KFUM og mig persónulega. Kemur það meira en flest annað við sögu mína og hann sjálfur með, þó að hvorki hann eða við grunaði að þetta myndi leiða til eins mikils og raun varð á. Eg er viss um að Guð hefur stjórnað því þannig og var þá þegar að undirbúa stóran og þýðingarmikinn þátt í ævisögu minni og félagsins. -

Í desember komst nú allt í gang og fundarhöld komust í sínar skorður. Það var mér til mikillar gleði að bæði Guðmundur klæðskeri Bjarnason og Haraldur Sigurðsson, sem legið höfðu fyrir dauðans dyrum og voru næstum taldir af, fengu aftur heilsu sína og krafta, ásamt fleirum af vinnum sem langt höfðu verið leiddir.



Nú leið fram til jóla. Í nokkur undanfarandi ár höfðum við í KFUM lánað stóra salinn til þess að halda kvöldsöng á aðfangadagskvöldið fyrir það fólk sem varð að snúa aftur frá kirkjunum vegna þrengsla. Sjálfir höfðum við aldrei haft fundi á því kvöldi.

Eftir að ég kom heim frá Ameríku, hafði ég tekið að mér að halda þennan kvöldsöng. – Það var hátíðleg guðsþjónusta, þó auðvitað engin væri altarisþjónusta eða tón.

Þetta aðfangadagskvöld 1918 var þessi samkoma haldin. Ég predikaði og var auðvitað í hempu af því að þetta var kirkjulegur kvöldsöngur. Nú vildi svo til að þetta kvöld var hið fagra jólalag „Heims um ból“ nákvæmlega 100 ára. Það var fyrst sungið í kirkju á jólnum 1818, ég man ekki hvar í Þýskalandi. Í byrjun kvöldsöngsins útskýrði ég þetta fyrir söfnuðinum. Það var því sungið með sérstakri hrifningu og fleiri jólasálmar. Ég hélt svo predikun og fór með kirkjubæn. Salurinn var alveg þéttskipaður af fólki í sætum. Haraldur Sigurðsson var dyravörður og vísaði fólki til sætis. – Svo að lokinni bæninni sagði ég: „Meðtakið blessun Drottins!“ Allir stóðu upp en í því að ég ætla að lyfta upp höndunum sé ég að Haraldur kemur inn eftir miðganginum með einhver handamerki. Ég varð hissa og dokaði við. Haraldur kom fast upp að ræðustólnum. Ég laut niður að honum. Hann hvíslar að mér: „Brunaliðið er úti á pallinum og vill komast upp á þak, því að það er kviknað í húsinu.“ „Hvar?“ spurði ég lágt. „Víst uppi á þakinu,“ var svarið. Ég sagði: „Gakktu hægt fram gólfið meðan ég er að blessa og biddu brunaliðið að staldra við þangað til við byrjum að syngja.“ Svo blessaði ég yfir söfnuðinum. Svo sagði ég: „Til heiðurs við lagið skulum við nú standa og syngja aftur Heims um ból“

– Það var fjör og hrifning í þeim söng.

Ég sá að brunaliðsmennirnir fóru inn í litla herbergið sem var fyrir framan salinn. Að söngnum enduðum sagði ég við fólkið: „Nú skuluð þér setjast en ég fer fram að dyrum og

stjórna útgöngunni eftir bekkjum.“ „Það er lítilfjörlega kviknað í húsinu en það er engin hætta ef við göngum niður tveir og tveir. Allir sitja þangað til röðin kemur að þeim bekk. Nú reynir á hvort við eigum þá sönnu jólagleði að halda henni jafnvel þótt húsið yrði brunnið eftir tvo tíma. Gleðileg jól“, allir settust. Ég fór fram að dyrum og gaf merki tveimur ystu bekkjunum, sinn hvoru megin, svo þeim næstu; allir gengu þannig út.

Eftir svo sem þrjár mínútur var salurinn auður og allir komnir út og enginn troðningur, en fyrir utan var krökkt af fólki sem streymt hafði að, því neðan frá Lækjargötunni hafði verið að sjá eins og logastrókur stæði upp úr húsinu og neistaflug mikið.

Ég fékk að vita á eftir að fólkið fyrir utan hafði furðað sig á hinum hrífandi söng er barst út. – Það hafði kviknað í sóti í reykháfnunum. Hann var svo óhrein af mó- og hrískyndingunni. Brunaliðið var fljótt að slökkva. Aðeins hafði reykháfurinn fengið eina sprungu.

Jólamorgunin kl. 8 var svo jólasamkoma félaganna. Þá var allt húsið uppljómað. Það var ávallt siður á hverjum jólamorgni.

Það má svo enda þennan langa kafla með því að lýsa hvernig árið endaði, þetta viðburðaríkasta ár sem ég hafði þangað til fengið að lifa.

Það endaði að vísu eins og vant var að enda hvert ár og byrja nýtt í KFUM. Það var samkoma á miðnætti, kl. 11:30–12:30. Árið endaði með yfirliti yfir hið viðburðaríka ár og með syndajátningu, fyrirgefningarbæn og þakkargjörð.

Klukkan 12 var svo gengið inn í nýja árið með því að allir stóðu upp og „Blessun Drottins“ var hátíðlega framborin, svo báðu allir hátt „Faðir vor“ og játuðu hina postullegu trúarjátningu og svo var sungið: „Eitt á enda ár vors lífs er runnið,“ þrjú fyrstu versin. Svo var bænastund þar sem ýmsir báru fram bænir í heyranda hljóði og samkomunni lauk með versinu: „Son Guðs ertu með sanni, sonur Guðs, Jesú minn.“

Þetta er stöðugur siður hjá okkur á hverjum áramótum. Þessi siður hefur haft afar mikla þýðingu fyrir mig sérstaklega, styrkjandi og hughreystandi áhrif. Mér fannst rétt að lýsa því einmitt á þessum áramótum.

Það er eins og allt árið helgist við það.

